



Góðviðrisský á Arnarvatnsheiði

Orlofshús 2012

Stéttarfélag Vesturlands óskar félagsmönnum þess að þeir njóti gleðilegs sumars og minnir um leið á kostina sem félagið býður upp á sumarið 2012.

Leiguverð orlofshúsa og orlofs-

íbúða er mjög hóflegt, eða kr. 17.000 fyrir vikuna, með einni undantekningu að leigan fyrir Kiðárskóg 10 verður kr. 20.000.

Umsóknir um orlofshúsin þurfa að berast skrifstofu Stéttarfélags-

ins í Borgarnesi í síðasta lagi 18. apríl n.k. Gert er ráð fyrir að úthlutun liggi fyrir 30. apríl. Hafi leiga ekki verið greidd þann 15. maí, verður húsunum úthlutað öðrum og eftir 20 maí gildir regl-

an fyrstur kemur fyrstur fær.

Gerð er hér í stuttu máli og myndum grein fyrir þeim möguleikum sem í boði eru af hálfu félagsins sumarið 2012.

Nýtt sumarið 2012

Gistimiðar sem gilda hjá Edduhótelunum.

Félagsmenn geta keypt gistimiða sem gilda í tveggja manna herbergi hjá Edduhótelunum 12 sem rekin eru vítt og breitt um landið. Félagsmenn verða sjálfir að bóka gistinguna og þurfa að gæta að númerum á miðunum þegar bókað er og greitt. Hver gistimiði verður seldur á kr. 5.000 og gildir þá fyrir tveggja manna herbergi með handlaug og hægt er að uppfæra gisting-

una í herbergi með baði, með viðbótargreiðslu eða með því að greiða með tveimur miðum. Morgunverður er ekki innifalinn í verðinu. Tvö börn geta gist á dýnum án aukagjalds. Ýmis tilboð í mat eru í boði fyrir barnafólk. Ekki þarf að sækja um þennan kost sérstaklega en hver félagsmaður getur keypt að hámarki 6 gistimiða. Hægt er að finna upplýsingar um Edduhótelin á www.hoteledda.is

Þjóðum áfram útilegu og veiðikortin!

Alltaf fjölgar þeim kostum sem þjóðast með veiðikorti og útilegu-korti og sumarið 2012

býður Stéttarfélag Vesturlands félagsmönnum að kaupa Útilegu-kortið sem veitir aðgang að 44 tjaldsvæðum og Veiðikortið sem veitir aðgang að 37 veiðistöðum. Félagsmenn geta keypt útilegu-kortið á kr. 7.000. og veiðikortið á kr. 4.000.

Hægt er að finna allar upplýsingar um þessi kort á www.veidikortid.is og www.utilegukortid.is. Nú er um að gera að skoða landið



og njóta gæða þess á sem ódýrastan hátt.

Ekki þarf að sækja um þennan kost og við munum selja kortin í allt sumar.

Stéttarfélag Vesturlands

Starfssvæði: Hvalfjarðarsveit Borgarbyggð Skorradalur
Eyja og Miklaholtshreppur Dalabyggð

Félagsfréttir

12. tölublað mars 2012

Ábyrgðarmaður: Signý Jóhannesdóttir.

Stjórn Stéttarfélags Vesturlands:

Signý Jóhannesdóttir, formaður, Sigurbór Óskar Ágústsson, varaformaður, Baldur Jónsson, ritari, Kristján Jóhannsson, vararitari, Áslaug Þorvaldsdóttir, meðstjórnandi, Jónína Guðrún Heiðarsdóttir, meðstjórnandi. Aðrir meðstjórnendur og formenn deilda: Ívar Örn Hauksson, form. IMSdeildar, María Erla Guðmundsdóttir, form. MFPdeildar, Elín Guðrún Tómasdóttir, form. DRSdeildar, Guðbrandur Magnússon, form. ISDdeildar, Einar O. Pálsson, form. DVSdeildar.



Nónhvammur við Búrfell

Stéttarfélag Vesturlands hefur tekið á leigu nýlegan sumarbústað í Grímsnesinu.

Bústaðurinn er í hlýlegum hvammi vestan við Nónhóla í Búrfellslandi. Fallegur staður, útsýni er gott til suðurs og vesturs frá bústaðnum og til allra átta ofan af Nónhólum.

Hús og búnaður: Bústaðurinn var byggður 2008 og er 77.8 m². Í honum eru þrjú svefnherbergi og auk þess er svefnsofi í stofu. Svefnpláss er fyrir 8 full-orðna. Átta sængur og koddar eru í húsinu, barnarúm og barnastóll. Leigjendur verða að koma með sængurver, koddaver, lök og handklæði. Í eldhúsi eru öll helstu tæki og áhöld fyrir matargerð, örbylgjuofn og uppþvottavél. Á boði er þvottavél. Fyrir utan er rúmgóð verönd, heitur pottur, gasgrill og garðhúsgögn.

Bústaðurinn Nónhvammur er um 65 km og 45 mín akstur frá höfuðborginni, 18 km frá Selfossi.

Staðhættir: Kirkjustaðurinn Búrfell er við rætur Búrfells 1 km ofar. Búrfell 536 m 10.000 ára eldfjall með gígvatni. Útsýni er einstakt af fellinu, aðeins um 1,5 klst ganga frá bænum. Verslun og sundlaug á Borg(10) og á Selfossi (20). Golfvelli á Kiðjabergi (10) og Selfossi. Skálholt (20), Geysir (30), Gullfoss (40), Sog og virkjanir (10), Þingvellir (30).

Sjá leiðarkort. Þingvallavegur, Búrfellsvegur(1.5 km), til vinstri upp litla brekku, til hægri upp í Nónhvamm.

Nónhvammur (Þrastahólar 5) er á korti hjá www.ja.is

Leigutími: 1. júní til 31. ágúst. Gangi útleiga vel á komandi sumri má búast við því að þessi kostur verði í boði 2013 og 14.



Illugastaðir í Fnjóskadal

Hús félagsins á Illugastöðum í Fnjóskadal er notalegt og vel búið orlofshús með stórra og góðri afgirtri verönd og heitum potti. Svefnpláss er fyrir 6-8 manns, sængur og koddar f. 8 og borðbúnaður f. 8. Húsið er einnig búið öllum venjulegum búnaði fyrir 6 til 8 manns.

Kyrrðin og náttúrufrægur Fnjóskadalssins er rómuð og ekki

langt að fara á Akureyri, til Húsa- víkur og/eða Mývatns til að njóta þess sem þar er boðið upp á. Þjónustumiðstöðin á Illugastöðum býður upp á margs konar þjónustu, þar eru seldar hinar ýmsu nauðþurftir og einnig er þar mjög góð sundlaug.

Leigutímabil í boði: Sumarhúsið stendur félagsmönnum til boða í allt sumar, frá 1. júní til 31. ágúst.



Ölfusborgir

Ýmsar lagfæringar hafa verið gerðar í byggðinni eftir jarðskjálftana vorið 2008. Leiktæki á leiksvæðinu hafa verið endurnýjuð og göngustígar hafa verið bættir. Einnig hafa verið gerðar frekari úrbætur við húsin. Á glæsilegri veröndinni, sem er afgirt, er heitur pottur og gasgrill. Svefnastaða er fyrir 6-8 manns, sængur og koddar f. 8 og borðbúnaður f. 8. Húsið er búið öllum venjulegum búnaði fyrir 6 til 8 manns.

Í Hveragerði, sem er í göngufjarlægð frá bústaðnum, er alla þjónustu að finna og svo er líka stutt að skreppa á Selfoss sem er í ca

5 mín. akstursfjarlægð. Einnig er stutt að keyra t.d. á Stokks-eyri, Eyrarbakka, Þorlákshöfn og í uppsveitir Árnessýslu þar sem margt skemmtilegt er að skoða. T.d. Draugasafnið á Eyrarbakka eða Dýragarðinn í Slakka, boðið er upp á kajaksiglingar frá Stokks-eyri og flúðasiglingar niður Hvítá. Við vekjum einnig athygli á því að hægt er að fá ýmsa þjónustu keypta hjá Heilsustofnun NLFÍ sem er í næsta nágrenni.

Leigutímabil í boði: Orlofshúsið við Ölfusborgir stendur félagsmönnum til boða í allt sumar, frá 1. júní til 31. ágúst.

Gjafabréf Icelandair 25 flugávísanir

Stjórn Orlofssjóðs Stéttarfélags Vesturlands ákvað sl. sumar að bjóða félagsmönnum að kaupa ávísanir á flugferðir í formi gjafabréfa frá Icelandair. Gjafabréfin voru seld á kr. 16.000 og giltu sem 25.000 kr. greiðsla upp í flugfar- gjald (ekki skatta) með Icelandair í allar ferðir félagsins. Ekki gengu

allar ávísanirnar sem boðnar voru út, því eru þær nú boðnar aftur. Þú getur komið á skrifstofu félagsins eftir 2. apríl og gildir reglan fyrstur kemur fyrstur fær, þó að hámarki tvær ávísanir fyrir fullgilda félagsmenn. Gildistími flugávísananna er 1 ár.

Kiðarskógur 10, Húsafelli

Sumarið 2012 býður Stéttarfélag Vesturlands félagsmönnum sínum upp á orlofs-húsið í Kiðarskógi 10 í Húsafelli. Um er að ræða hús sem Stéttarfélagið festi kaup á fyrir rúmu ári síðan. Húsafell hefur fest



síu í sessi sem sumardvalarstaður meðal félagsmanna eftir að félagið kannaði áhugann á þessum kosti sumrin 2009 og 2010. Kiðarskógur 10 er 94 fm auk svefnlofts. Gistaðstaða er fyrir 8 á neðri hæð. Á svefnlofti eru 3 rúm og nokkrar dýnur. Húsið er búið öllum venjulegum búnaði ásamt heitum potti á palli.

Í Húsafelli er sundlaug, nýu hólú golfvöllur og á laugardagskvöldum yfir hásumarið er tendraður varðeldur í Hátíðarlundi þar sem sumarhúsagestir og gestir á tjald-

svæði safnast saman. Fyrir neðan sundlauginu er skemmtilegt leiksvæði með leiktækjum frá Barnasmíðjunni og á tjaldsvæðinu er körfuboltagrind, tvö fótboltamörk og strandblakvöllur. Ótal áhuga-verðar gönguleiðir er einnig að finna um Húsafell og nágrenni. Verslun og veitingastaður eru á svæðinu sem eru opin alla daga yfir sumartímann.

Leigutímabil í boði: Orlofs húsið stendur félagsmönnum til boða frá 1. júní til 31. ágúst.

Dagpeningar og viðmið breytast


Þann 1. janúar sl. hækkuðu hámarksdagpeningar sem Sjúkrasjóður Stéttarfélags Vesturlands greiðir til þeirra sem missa atvinnutekjur vegna veikinda, úr kr. 330.000 í kr. 360.000. Sjúkrasjóður tryggir að veikur félagsmaður hafi 80% af meðaltekjum á sex mánaða tímabili, sem lýkur oftast tveimur mánuðum fyrir umsókn. Taka á tillit til þeirra greiðslna sem umsækjandi á rétt á frá Sjúkratryggingum Íslands og skulu samanlagðar tekjur þó ekki fara yfir þessa upphæð. Stjórn sjúkrasjóðs hefur ákveðið að félagsmanni sem var í 100% starfi skuli þó aldrei greiddir lægri dagpeningar en kr. 182.000, eða sem svarar lágmarks dagvinnutryggingu á viðmiðunartímabilinu. Sjá má reglugerð Sjúkrasjóðs Stétt Vest á heimasíðu félagsins og bætur Sjúkratrygginga eru birtar á www.tr.is.

Dánarbætur sem greiddar eru til aðstandanda félagsmanna sem látast og voru virkir á vinnumarkaði verða kr. 260.000. en kr. 160.000 eru greiddar vegna þeirra sem eru gjaldfrjálssir en voru virkir greiddendur samfelld í fimm ár fyrir töku ellilífeyris eða örorkubóta. Jafnframt var tekin ákvörðun um að miða þá upphæð sem þarf að greiða

í félagsgjöld til að njóta fullra réttinda til hinna ýmsu styrkja sem Sjúkrasjóður greiðir, við fullar atvinnuleysisbætur og verður því kr. 19.300 á tólf mánaða tímabili. Styrkir þeirra sem greiða minna eru reiknaðir hlutfallslega, svo fremi að greitt hafi verið fyrir viðkomandi í sex mánuði til sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að þeir félagsmenn sem tæmt hafa bótarétt sinn að fullu til dagpeninga geti ekki hafið nýtt bótatímabil nema að hafa stundað launaða vinnu þar sem greitt er af viðkomandi í Sjúkrasjóði á m.m.k. 6 mánuði og ávinna sér þá rétt til 90 daga greiðslu. Eftir að hafa greitt til sjóðsins í 12 mánuði af atvinnutekjum lengist rétturinn í 150 daga að nýju. Stjórn sjóðsins getur gert félagsmanni sem nýtur greiðslu dagpeninga úr sjúkrasjóði, skylt að leita ráðgjafar hjá Virk starfsendurhæfingu.

Alþýðusamband Íslands hefur sett reglugerð sem skyldar stéttarfélag til að virða ákveðin lágmark, þegar þau setja fram hámarks bótareglur, og skal miða við launavísitölu. Stéttarfélag Vesturlands hefur það fyrir vinnureglu að breyta þessum viðmiðunum um hver áramót.



Fyrir sumarið verður búið að setja aftur upp vegginn sem tekinn hafði verið niður og íbúðin verður þá með þrjú svefnherbergi.

Ásholt 2, Reykjavík

Orlofssjóður festi kaup á þrjú herbergja íbúð að Ásholti 2 í Reykjavík fyrir tæpu ári síðan. Íbúðin er í stóru fjölbýlishúsi þar sem á annan tug íbúða eru í eigu stéttarfélaga. Íbúðin er fjögurra herbergja og er því mjög rúm-góð en svefnaðstaða er fyrir allt að 6-8 manns. Henni fylgir stæði í bílageymslu, þar sem mjög góð þvottaaðstaða er fyrir bíla. Þvottahús með vönduðum tækjum er í sameign. Eigninni fylgir líka fallegur lokaður garður og er hægt að ganga beint úr íbúðinni út í garðinn þar sem til staðar er úti-grill, borð og stólar. Húsfélagið hefur í sinni þjónustu mann sem sér um alla sameignina og er eignin annáluð fyrir snyrtimennsku á

allan hátt. Inngangur í Ásholtið er frá Laugavegi og stendur húsið rétt austan við Hlemm, það er því á mjög góðum stað og miðborgin í þægilegu göngufæri með öllu því sem hún hefur upp á að bjóða í menningu, veitingastöðum og annarri þjónustu.

Íbúðin er ekki til úthlutunar eins og sumarhúsin, hér gildir reglan fyrstur kemur fyrstur fær. Eina skilyrðið er að helgar eru aðeins leigðar frá föstudegi til sunnudags. Leiguverðið er afar hóflegt en félagsmenn greiða fyrir helgina kr. 9.000, kr. 3.500 fyrir virka viðbótarnótt, stök nótt kostar kr. 4.500 og vikan er leigð á kr. 21.000.

Furulundur 80, Akureyri

Íbúð Stéttarfélags Vesturlands að Furulundi 80 hefur svefnpláss fyrir 6-7 manns og er búið öllum venjulegum búnaði fyrir allt að 7 manns. Þetta er 3ja herb. íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi þar sem eingöngu eru orlofsíbúðir í eigu stéttarfélaga. Íbúðin er í góðu ástandi og á það einnig við um allan húsbúnað. Stór afgirt verönd er við íbúðina þar sem einnig er úti-grill.

Íbúðin er í hjarta bæjarins þar sem stutt er í sundlaug Akureyrar og miðbæinn. Á Akureyri er alla mögulega þjónusta að finna, einnig er þar ríkt menningarlíf. Þar er nyrsti 18 hólú golfvöllur í heimi, Jaðarsvöllur. Kjarnaskógur er fjölbreytt útivistarsvæði með alhliða möguleikum til hollrar úti-



Veðrið er alltaf gott á Akureyri

vistar. Þar eru tveir blakvellir sem ætlaðir eru almenningi og ýmis leiktæki fyrir börn og fulloröna. Góð grillaðstaða er þar fyrir almenning og er mjög vinsælt hjá fjölskyldum og hópum að safnast saman í Kjarna, grilla og eiga saman góðar stundir við leiki og náttúruskoðun. Sjá nánari upplýsingar á www.akureyri.is

Leigutímabil í boði: Íbúðin stendur félagsmönnum til boða frá 1. júní til 31. ágúst.

Hvernig myndast réttindi í Stéttarfélagi Vesturlands og hvernig er þeim viðhaldið!

Samkvæmt lögum Stéttarfélags Vesturlands veitir **greiðsla iðgjalda af atvinnutekjum í sex mánuði**, aðild að félaginu. Samkvæmt lögum 55/1980, sem oftast eru nefnd starfskjaralögin, ber atvinnurekendum á starfssvæði Stéttarfélags Vesturlands, sem hafa í þjónustu sinni launamenn sem inna af hendi þau störf sem félagið hefur kjarasamninga um, að skila iðgjöldum til félagsins eins og kjarasamningar segja til um. Starfssvæði félagsins er: Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Skorradalur, Eyja og Miklaholts-hreppur og Dalabyggð.

Stéttarfélag Vesturlands er deildskipt félag og hefur innan sinna vébanda verkafólk í almennri og opinberri þjónustu, verslunar og skrifstofumenn og iðnaðarmenn. Félagið á aðild að þeim landsamböndum innan ASÍ sem þessir hópar tilheyra. Samkomulag er um það milli félaganna innan ASÍ að flytji félagsmaður milli starfssvæða félaganna, myndar gildur félagi í einu félagi, rétt í nýju félagi þegar greiðsla hefur borist af honum í hið nýja félag. Þetta á t.d. við um lágmarksréttindi samkvæmt fyrirmyndarreglugerð sjúkrasjóða félaganna og það er svo misjafnt eftir félögum hvernig þau veita aðild að réttindum umfram fyrirmyndarreglugerðina.

Stéttarfélag Vesturlands hefur ákvæði í sínum lögum og reglugerðum um að þeir félagsmenn sem verða atvinnulausir eða fara í fæðingarorlof, **haldi réttindum** sínum ef þeir greiða til félagsins af atvinnuleysisbótum

eða fæðingarorlofsgreiðslum á meðan. Þá er einungis um að ræða greiðslur frá félagsmanninum í félagssjóð. Hvorki Atvinnuleysistryggingasjóður né Fæðingarorlofssjóður greiðir mótframlög í sjúkra, orlofs eða fræðslusjóði



Kjarasamningur við sveitarfélögin undirritaður eftir langa vökunótt.

félaganna. Eina mótframlagið sem sjóðirnir greiða er í skylduhluta lífeyrissjóða.

Geymd réttindi, er hugtak sem á við ef félagsmaður hverfur af

fara að berast félagsgjaldgreiðslur frá Greiðslustofu atvinnuleysisbóta eða Fæðingarorlofssjóði af einstaklingum sem ekki eiga réttindi í félaginu. Sá sem ekki á rétt

félagi sem það var að greiða til áður en það missti vinnu eða fór í fæðingarorlof. Oftast er best að greiða áfram til þess félags sem greitt var til áður. Í einhverjum til-

vikum veita félög engan rétt, nema mótframlög komi einnig og þá hefur greiðsla félagsgjaldsins engan tilgang.

Alltaf er eitthvað um það að atvinnurekendur hafi komið sér hjá að virða starfskjaralögin þ.e. lög nr. 55/1980, stundum með vitund og vilja starfsmannsins og tilvitnunum í rangtúlkaðar hugmyndir um félagafrelsi. Við viljum hvetja launafólk til þess að vera á varðbergi gagnvart því að með þátttöku í lögbrotum af þessu tagi, grefur það undan eigin réttindum. Á launaseðlum á að koma fram í hvaða stéttarfélag er greitt og einnig í hvaða lífeyrissjóð.

Það getur verið símtalsins virði að kanna hvort greiðslurnar skila sér og hvaða réttindi þær veita.



Stundum er kátt í Karphúsinu. Það fylgir ekki sögunni hvað það var sem gladdi samninganefndarfélagið, en greinilegt er að þarna er slegið á léttu strengi.

vinnumarkaði um stundarsakir vegna náms, veikinda eða fjölskylduástandna. Þá endurvekur félagsmaður fyrri rétt sinn ef hann byrjar að greiða að nýju innan 24 mánaða.

Það gerist oft að til Stéttarfélagsins

þegar hann missir vinnu eða fer í fæðingarorlof getur eðli málsins samkvæmt ekki viðhaldið því sem ekki er til staðar. **Réttur myndast ekki með þessum greiðslum.** Við viljum benda fólki á að kanna hvaða réttindi það á í því

arfélag er greitt og einnig í hvaða lífeyrissjóð.



Stéttarfélag Vesturlands

Umsókn um orlofskosti sumarið 2012

Umsækjandi: _____ Kennitala: _____

Heimili: _____ Póstfang: _____

Vinnustaður: _____ Heimasími: _____ Farsími: _____

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um eina viku með allt að þremur valmöguleikum um stað og tímabil.

Merkið með tölunni 1 fyrir fyrsta val en 2 eða 3 fyrir varaval.

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
Valkostur	1. júní til 8. júní	8. júní til 15. júní	15. júní til 22. júní	22. júní til 29. júní	29. júní til 6. júlí	6. júlí til 13. júlí	13. júlí til 20. júlí	20. júlí til 27. júlí	27. júlí til 3. ágúst	3. ágúst til 10. ágúst	10. ágúst til 17. ágúst	17. ágúst til 24. ágúst	24. ágúst til 31. ágúst
Furulundur-Akureyri													
Illugastaðir													
Ölfuborgir													
Húsafell - Kiðárskógar 10													
Nónhvamur - Grímsnesi													

Síðasti skiladagur umsókna er 18. apríl 2012

Stéttarfélag Vesturlands - Sæunnargötu 2a - 310 Borgarnes - sími 430 0430 - sími 430 0430 - fax 430 0431

Stéttarfélag Vesturlands
Alþýðuhúsinu,
Sæunnargötu 2a
310 Borgarnes


Fyrir
frimerki



Aðalfundur Stéttarfélags Vesturlands verður 26. apríl 2012

Nánar auglýst síðar

Heimasíða félagsins er www.stettvest.is



Stéttarfélag Vesturlands

**Skrifstofur Stéttarfélags Vesturlands
eru opnar eins og hér segir:**

Borgarnes - sími 430 0430
Alþýðuhúsinu, Sæunnargötu 2a, í Borgarnesi
alla virka daga frá kl. 08:00-16:00

Búðardalur - sími 430 0435
Miðbraut 11, Búðardal
annan hvern fimmtudag frá kl. 9:30-12:30
(nánar útlistað á heimasíðu félagsins)

Hvalfjarðarsveit - sími 430 0436
Innrimelur 3, Stjórnsýsluhúsið
þriðjudaga frá kl. 8:30-12:30

Við minnum á símann 430 0430 - fax 430 0431 - netfang: stettvest@stettvest.is